

Umsögn um frumvarp til laga um velferð dýra
Þingskjal 316 - 283. mál
141. löggjafarþingi 2012-2013

Dýraverndarsamband Íslands
19.nóvember 2012

Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn og athugasemdir frá Dýraverndarsambandi Íslands um nýju dýravelferðarlögin

Um leið og Dýraverndarsamband Íslands fagnar tilkomu nýs frumvarps til laga um velferð dýra viljum við benda á nokkur brýn atriði.

Við vekjum sérstaklega athygli á tveim óásættanlegum breytingum (töluliðir 1 og 2) sem gerðar hafa verið frá frumvarpsdrögum í meðförum ráðherra eða ráðuneytis.

1) Geldingar grísa. Í lokadrögum að frumvarpinu sem skilað var til ráðuneytis í júní 2011, var gerð sú krafa að ávallt skuli deyfa eða svæfa dýr og einnig veita þeim verkjastillandi meðhöndlun við sársaukafullar aðgerðir (15. gr.). Þetta ákvæði var óbreytt frá núgildandi lögum. Í ráðuneyti hefur þessu ákvæði verið breytt á þann hátt að geldingar á grísum yngri en viku gamalla séu undanskildar. Sýnt hefur verið fram á að ungir grísir finna til sársauka við slíkar aðgerðir og brýtur þessi undanþága því á 1. gr. laganna, en þar segir “Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur, þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur.” Meðhöndlun með bólgueyðandi lyfjum við geldingu og án nokkurrar deyfingar er jafngilt því að gefa manni íbúfen við skurðaðgerð.

Okkur þykir orka mjög tvímælis að ein dýrategund sé ofurseld sársaukafullri aðgerð án deyfingar með þessum þessum hætti, í þágu þeirra sem atvinnu hafa af framleiðslu svínakjöts. Við krefjumst þess að þetta verði lagað.

Einnig krefjumst við þess að klippingar á skotti grísa verði bannaðar, eins og í lögum þessum er bannað að klippa skott á öllum öðrum dýrum.

2) Drekkning minka. Í drögum nefndarinnar stóð skýrum stöfum í frumvarpinu að óheimilt væri að aflífa dýr með því að drekkja þeim (20. gr.). Ráðuneytið hefur breytt þessu ákvæði á þann veg að minkar og eru undanskildir. Okkur þykir orka mjög tvímælis að ein dýrategund sé ofurseld aflífun með drukknun, sérstaklega þegar til eru mannúðlegri aðferðir, horfa má til aðferða annarra Norðurlanda í þessu tilliti. Drekkning veldur ótta og þjáningu og því brýtur þessi undanþága á áðurnefndri 1. gr. Nýlega var maður dæmdur sekur fyrir að drekkja hundi. Engin rök réttlæta drekkningu dýra. Við krefjumst þess að þetta verði lagað.

Við teljum afar áriðandi að þessi fyrstu tvær athugasemdir séu teknar til greina þar eð ella er beinlínis heimiluð ill meðferð á dýrum með setningu laganna, en einnig stangast þetta á við markmið laganna samvk. 1. gr. þeirra.

3) Aðrar breytingatillögur og athugasemdir:

Við biðjum um orðalagsbreytingu í **7.grein** um hjálparskyldu þar sem í þriðju línu segir „ lögregla kalli til dýralækni meti hún það svo að ástæða sé til“. Við teljum að orðalagið „lögregla kalli til dýralækni sé þörf á því“ sé betur til þess fallið að losa lögregluþjóna undan því að þurfa að leggja sjálfir faglegt mat á þörf fyrir aðstoð dýralækni, en það er ekki á þeirra fagsviði. Við teljum einnig að í reglugerð þurfi að vinna greinagóðar leiðbeiningar til handa lögreglu til að styðjast við er að leggja mat á þörf fyrir dýralækni.

Okkur þykir sýnt að í greinina vanti ákvæðu um hjálparskyldu almennings þegar menn verða vitni að harðýðgi eða annarri illri meðferð og bráðainngripa er ótvírætt þörf. Þar leggjum við til að almenningur megi taka af manni á staðnum, dýr sem harðræði er beitt ,að því tilskyldu að lögregla sé strax kölluð til á vettvangi. Þetta kemur í veg fyrir að sá sem beitir dýr ofbeldi geti látið sig hverfa af vettvangi með dýrið áður en lögregla kemur á staðinn. Við bendum á að slík ákvæði er að finna í danskri dýravelferðarlöggjöf.

Við biðjum um viðbót við **15.gr.**, lið d) á eftir (...) skotkeppni, komi „einnig að beita einu dýri til að drepa annað dýr“.

Við biðjum um viðbót í **20.gr.**, strax á eftir fyrstu setningu um aflífun um „að ekki skal aflífa dýr á blóðvelli“, enda veldur það dýrunum ótta að koma í slíkar aðstæður.

Við leggjum til að frestur vegna handsömunar hálfvilltra dýra í **23.gr.** verður lengdur í viku hið minnsta, til þess að gefa eigendum dýra eðlilegra svigrúm til að finna þau.

Lagfæra þarf orðalag í **23.gr.** ,í síðustu setningu, sem eftir breytingu verði snúið við og hljóði svo: (...),,valda dýri limlestingum, kvölum eða óþarfa ótta“, þar eð ekki eru til óþarfa kvalir eða óþarfa limlestingar við handsömun dýra. Við teljum að þarna hafi upptalning óvart skolast til.

Við leggjum til að orðið „óþarfa“ verði tekið út úr **26.gr.**, 2.gr.sk. Ekki er hægt að færa rök fyrir að til séu þarfar kvalir eða limlestingar.

Nú er **27.gr.** um meindýr, en styðst ekki við neina skilgreingu á því hvaða dýrategundir megi skilgreina sem meindýr.

Nauðsynlegt er að í 3. gr. um skilgreiningar komi fram hvaða dýrategundir megi skilgreina sem meindýr. skv. núgildandi reglugerð um meindýraeyða nr. 149/1989, eru mýs og rottur skilgreind sem meindýr ef þessi dýr valda tjóni í eða við byggingar manna, sem og ýmis skordýr og með sömu skilgreiningum. Einnig vargflugl en þar er æðavarp að auki tiltekið sem vettvangur. Við leggjum til að meindýr séu skilgreind í þessum lögum með sama hætti. Við teljum hættu á að ef skilgreining liggur ekki fyrir, geti svo farið að jafnvel gæludýr eins og kettir yrðu flokkuð sem meindýr við vissar aðstæður. Dýraverndarráð hefur áður ályktað um þetta mál og við teljum afar áriðandi að allar skilgreiningar séu hér skýrar.

Einnig leggjum við til að orðið „óþarfa“ verði tekið út úr 27. grein með sama hætti og í 26.gr.

Í **28.gr.**, 2.málgrein kemur fram hugtakið „vetur“. Að gefnu tilefni, vegna nýfallins dóms um búfjárhald á Stórhóli í Álftafirði og út frá dýravelferðarsjónamiðum verður að miða skilgreiningu á vetri við veðurfar árstíðar fremur en dagatal. Ef röksemd dómsins um að skilgreina vetur og sumar eftir dagatali má með sama hætti setja að búfé það sem úti varð á norðurlandi í september sl., hafi orðið úti um sumar.

Í **34. gr. og 35. gr.**, og þar sem fjallað er um stjórnvaldssektir, kemur fram að þær renni í ríkissjóð.

Við leggjum til að nefndin og ráðherra taki til gaumgæfilegrar íhugunar þann kostnað sem leggst á MAST er hún tekur við stjórnsýslu íþyngjandi inngripa vegna dýravelferðarmála og stofni þá sjóð sem sektargreiðslur þessar renna í, til að standa straum af kostnaði MAST við aðgerðir. Þetta teljum við nauðsynlegt í ljósi þess að MAST getur ekki sinnt skyldu sinni ef fjárstreymi er ekki í samhengi við umfang vinnu stofnunarinnar við dýraverndarmál.

Í 34. gr., 5. málgrein, 3. línu stendur „Framangreindar aðgerðir skulu gerðar í samráði við eða samkvæmt fyrirmælum lögreglu“. Dæmi hafa sýnt að hætta á að óljóst verði um ákvörðunarvald við svo loðið orðalag og teljum við eðlilegt að MAST hafi ákvörðunarvald í slíkum tilvikum, þótt valdheimildir liggja ávalt hjá lögreglu. Einnig liggur í hlutarins eðli að það er ekki á fagsviði lögreglu að smala eða flytja búfé, svo við teljum að heimild verði að vera til að kalla til vant fólk á því sviði. Leggjum við því til þessa breytingu á setningunni: „Framangreindar aðgerðir skulu gerðar af lögreglu í samráði við og samkvæmt fyrirmælum MAST. Heimilt er að kalla til aðstoðar vant fólk á sviði smölunar, reksturs og flutninga.“

Einnig viljum við vekja athygli á fordæmum þar sem eigandi eða umráðamaður hefur komið dýrum undan með því að fela búfé, koma því í vörslu annarra eða umskrá

eignarhald á meðan á aðgerðum stendur. Mikilvægt er að tryggja að slíkt sé óheimilt á meðan MAST og lögregla vinna í máli.

Í **38. gr.** eru refsíákvæði of væg að okkar mati. Við leggjum til að fangelsisvist við brotum á lögum eða reglugerðum geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum og fjórum ef brot er stórfellt eða ítrekað.

4. Athugasemdir við **42. gr.** um breytingar á öðrum lögum.


Lög nr. 66/1988 b) 2.gr laganna eins og ritað er hér: „Dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari og velferð þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra.” Við teljum það ekki vera hlutverk dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra að stuðla að aukinni arðsemi búfjár, sérstakleg þegar litið er til þess að slíkar áherslur geti í einhverjum tilvikum stangast á við velferð dýranna. Leggjum við því til að orðin „aukin arðsemi búfjár”, verði tekið út.

Í upptalningu í viðauka um starfsemi tengda dýrahaldi, vantar reiðskóla. Við leggjum til að því verði bætt aftan við 2.7. og þá standi þar „2.7.Hestaleigur og reiðskólar”.

Við fögnum sérstaklega og leggjum mikla áherslu á að eftirfarandi ákvæði haldist óbreytt inni í lögnum:

1. gr. að dýr séu skilgreind sem skyni gæddar verur með öðrum texta þar.
13. gr. c. að grasbítum sé tryggð útivist á beitilandi á sumrin (en teljum nauðsynlegt að miða við að lágmarki 8 vikur).
20. gr. um aflífun, þar sem tekin hefur verið út heimild til að drekkja selum. Það komi ekki inn aftur, né verði leyft með reglugerð.
34. gr. um sviptingu landbúnaðarstyrkja við illa meðferð búdýra. Þetta ákvæði tekur á þeirri mótsögn sem felst í því að bændur sem uppvísir séu að illri meðferð búfjár, geti jafnframt fengið styrki frá hinu opinbera til að halda hin sömu búdýr.

Virðingafyllst
Dýraverndarsamband Íslands


Sif Traustadóttir, formaður